

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð nr. 4 24. marz 1956, um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

1. gr.

1. málsgr. 6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:
Vinningar eru samanlagt minnst 24 að tölu í öllum 12 flokkum og eru samanlagt að verðmæti 15600000.00 miðað við smásöluverð.

2. gr.

1. málsgr. 7. gr. reglugerðarinnar orðist svo:
Verð ársmiða er kr. 600.00, en endurnýjunarmiða í hverjum flokki kr. 50.00.

3. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast gildi 10. apríl 1963.

Reglugerðarbreyting þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 71 24. apríl 1954., um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, sbr. lög nr. 17 21. febrúar 1956, um breyting á þeim lögum, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um sama efni nr. 9 14. febrúar 1962.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 16. marz 1963.

Emil Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

um hækkun bóta samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.

Grunnupphæðir bóta samkvæmt lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, skulu hækka um 14.51 af hundraði frá því, sem verið hefur.

Samkvæmt þessu verður lágmark bótanna á dag, svo sem hér segir:

Fyrir einhleypan mann kr. 30.00, fyrir kvæntan mann kr. 38.00 og fyrir hvert barn allt að þremur kr. 8.00. Hámark bóta á dag verður sem hér segir:

Fyrir einhleypan mann kr. 66.00, fyrir kvæntan mann kr. 76.00 og fyrir hvert barn allt að þremur kr. 10.00.

Hækkun þessi er ákveðin til samræmingar við þær kauphækkningar, sem urðu á árinu 1962 og í janúar 1963, samkvæmt heimild í 2. gr. laga nr. 4 20. janúar 1959, um breyting á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar og er jafnframt úr gildi númin auglýsing nr. 8 9. febrúar 1962, um hækkun bóta samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.

Félagsmálaráðuneytið, 18. marz 1963.

Emil Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.